

Snæfellsbær
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Hellissandi 21. mars 2016
UST201603-097/G.G.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdarleyfi - ljósleiðari að Malarrífi og Vatnshelli

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Snæfellsbæjar dags. 10. 03. 2016, vegna fyrirhugaðra framkvæmda innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Lýsing framkvæmdar:

Leggja á ljósleiðara frá Hellnum að Malarrífi og Vatnshelli í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Ljósleiðarinn mun gera fjarskiptasamband mun betra og öruggara en það sem nú er fyrir hendi. Ljósleiðarinn verður lagður innan vegsvæðis Útnesvegjar. Tveir – fjórir menn munu vinna að niðurlagningu á ljósleiðaranum og álíka margir annast tengivinnu. Jarðýta eða grafa verður notuð til að draga niðurfellingaplóg. Önnur tæki eru dráttavél og vagn með ljósleiðarakeflum, minni grafa og vélhjólörur eftir því sem þörf er. Lögnin innan þjóðgarðs verður um 8 km að lengd. Gert er ráð fyrir að verkið verði unnið í maí – október og að vinnan innan þjóðgarðs taki um 1-2 vikur. Umferð eykst tímabundið vegna vinnunnar við lagningu ljósleiðarans.

Áhrifamat:

Mannvirkjagerð, efnistaka og hvers konar annað jarðrask innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls er háð leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 18.gr. reglugerðar um þjóðgarðinn nr. 568/2001. Fyrirhugað er að leggja ljósleiðarann um land sem þegar er raskað vegna vegagerðar. Lagning ljósleiðarans er mjög mikilvæg fyrir starfsemi þjóðgarðsins, bæði á gestastofu á Malarrífi og við Vatnshelli.

Að mati Umhverfisstofnunar er framkvæmdin sem lýst er hér að ofan ekki líkleg til að skerða verndargildi þjóðgarðsins eða valda óafturkræfum breytingum á svæðinu.

Skilyrði

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum við lagningu ljósleiðara frá Hellnum að Malarrífi og Vatnshelli að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:


- Að öllu raski við framkvæmdirnar verði haldið í algeru lágmarki.
- Að vandað verði til verka við frágang eftir að verki lýkur.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun þegar framkvæmdir hefjast.
- Tilkynna skal Umhverfisstofnun um frávik á ofangreindri verklýsingu.
- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar þegar verki er lokið.
- Að samráð verði haft við Umhverfisstofnun um legu ljósleiðarans á vegsvæðinu.

Eftirlit

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu.

Virðingarfyllst,


Sigrún Ágústsdóttir
sviðsstjóri


Guðbjörg Gunnarsdóttir
þjóðgarðsvörður